



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Árnes

801 SELFOSS

Garðabær, 4.4.2025

Málsnúmer: 202503-0033

IAS

Efni: Hvammsvirkjun, stækkun efnistökusvæðis. Skipulagslýsing, breyting á aðalskipulagi.

Vísað er til erindis frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dagsett 13. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna aukinnar efnistöku vegna Hvammsvirkjunar.

Sett er fram sameiginleg skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 og fyrir breytingu á deiliskipulagi Hvammsvirkjunar.

Núverandi heimildir í skipulagi heimila að tekið sé allt að 950.000 m³ af efni, þar af 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar og mun svæðið fara undir vatn að framkvæmdum loknum. Í heild verður viðbótarefnismagn í efnistökusvæði E26 allt að 390.000 m³. Öll möguleg viðbótarsvæði verða einnig í lónsstæðinu og hverfa því í lónið að framkvæmdum loknum. Stærð námusvæðanna er 24,9 ha, en efnistakan er hins vegar öll innan framkvæmdasvæðis og í væntanlegu lónsstæði Hvammsvirkjunar og þar með á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og bendir á að almennt séð er efnistaka úr virkum árfarvegi ekki æskileg þar sem hún getur haft áhrif á farveginna langt út fyrir efnistökusvæðið sjálft. Rof eykst ofar í farveginum og einnig verða breytingar í farveginum neðan námusvæðisins. Efnistaka er hins vegar þegar á svæðinu auk þess sem heimild er nú þegar fyrir umtalsverðri efnistöku úr fyrirhuguðu lónstæði. Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaða stækkun á efnistökusvæðinu innan fyrirhugaðs Hvammslóns þar sem fyrirhugað er að leyfa allt að 390.000 m³ efnistöku til viðbótar.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur